

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2020

2002047SA KB/vrb
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, mál nr. 311.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, mál nr. 311.

Almennt

Í þingsályktuninni er lagt til að Alþingi álykti um að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík og að eftirfarandi spurning verði borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslunni: „Vilt þú að flugvöllur og miðstöð innanlands-, kennslu- og sjúkraflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns annar jafngóður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar?“ Svarmöguleikar verði já eða nei.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er tekið fram að ekki ríki einhugur um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurlugvallar og rakin sjónarmið um mikilvægi flugvallarins sem miðstöð innanlandsflugs og að hann gegni lykilhlutverki í sjúkra- og neyðarflugi.

Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga

Rétt er að taka fram að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki mótað áherslur er varða staðsetningu Reykjavíkurlugvallar eða tekið afstöðu til þess hvar miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera. Sambandið tekur því ekki afstöðu til þess álitaeftnis í þessari umsögn en vísar þess í stað til umsagna frá einstökum sveitarfélögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga.


Hins vegar bendir sambandið á að þann 28. nóvember sl. undirrituðu samgöngu- og sveitastjórnarráðherra og borgarstjóri Reykjavíkur samkomulag sem felur í sér að hrinda í framkvæmd verkefnum og nauðsynlegum rannsóknum í samræmi við tillögur í skýrslu stýrihóps um framtíðarskipan flugvallarmála á suðvesturhorni landsins. Þar segir m.a. að aðilar séu sammála um að tryggja rekstraröryggi á Reykjavíkurlugvelli meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur, þar með talið eðlilegt viðhald og endurnýjun mannvirkja í samræmi við ákvæði gildandi samgönguáætlunar Alþingis. Í samkomulaginu er miðað við að Reykjavíkurlugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar. Þá lýsir Reykjavíkurborg jafnframt yfir vilja sínum til þess að tryggja nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi.

Nú þegar er því í gangi fagleg vinna við að skoða framtíðarskipan flugvallarmála á suðvesturhorni landsins og að mati sambandsins er eðlilegt að leyfa henni að hafa sinn gang, þótt langvarandi óvissa um málið geti vissulega verið bagaleg.

Þá telur sambandið tilefni til að áréttta að skipulagsvaldið er einn af grundvallarþáttum stjórnarskrárvarins sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga sbr. 78. gr. stjórnarskrár og með ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010 er þessi réttur nánar útfærður. Það er mjög skýrt í stefnumótun sambandsins að því ber að standa vörð um sjálfstæði, sjálfstjórnarrétt og skipulagsvald sveitarfélaga og leggst sambandið því alfarið gegn því að gripið verði til aðgerða sem skerða þau réttindi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs